

Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

19. fundur samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins var haldinn í fundarsal, 2. hæð Borgartúni 12-14 föstudaginn 5. júní 2009, kl. 13.00.

Mættir voru eftirtaldir nefndarmenn:

Frá Reykjavíkurborg:	Júlíus Vífill Ingvarsson
Frá Kópavogsbæ:	Einar Kr. Jónsson og Jón Júlíusson
Frá Hafnarfirði:	Gísli Ó. Valdimarsson
Frá Garðabæ:	Stefán Konráðsson og Eyþór Þórhallsson
Frá Mosfellsbæ:	Haraldur Sverrisson
Frá Seltjarnarnesi:	Ólafur Egilsson og Stefán Bergmann
Frá Álftanesi:	Kristinn Guðlaugsson
Frá Kósarhreppi:	Sigurbjörn Hjaltason
Frá Skipulagsstofnun	Stefán Thors

Enn fremur sátu fundinn Arinbjörn Vilhjálmsson frá Garðabæ, Haraldur Sigurðsson frá Skipulags- og byggingasviði Reykjavíkurborgar og Páll Guðjónsson framkvæmdstjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður, Júlíus Vífill Ingvarsson setti fund og gengið var til dagskrár:

Þetta gerðist.

1. mál. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerðin samþykkt án athugasemda

2. mál. Framkvæmd og úrvinnsla svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, kynning á helstu niðurstöðum úr samantekt og greiningu VERKÍS.

Á fundinn mættu Hrafnhildur Brynjólfsdóttir og Guðrún Dröfn Gunnarsdóttir frá Verkís, og fóru yfir helstu niðurstöður þeirrar samantektar og greiningar sem unnin hefur verið af Verkís á þáttum er snúa að framkvæmd og úrvinnslu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001-2024.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að gengið verði endanlega frá skýrslu vegna þessarar vinnu og hún send nefndarmönnum í samvinnunefndinni. Málinu að öðru leyti vísað til framkvæmdanefndar samvinnunefndarinnar til umfjöllunar og ákvörðunar um næstu skref.

3. mál. Erindi til kynningar frá Reykjavíkurborg:

- a) Álfarnes, Sorpa. Lögð fram matslýsing vegna verulegrar breytingar á svæðisskipulaginu.
- b) Álfarnes, iðandaráhöfn. Lögð fram matslýsing vegna verulegrar breytingar á svæðisskipulaginu.

Umfjöllun og afgreiðsla frestað.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:00